



Oddeyrarskóli Tengja

9. tölublað
skólaárið
2013-2014

Apríl 2014

Glaðst í tilefni af góðum árangri



Þriðjudaginn 8. apríl voru allir nemendur skólans kallaðir á sal í tilefni þess að skólinn er að fagna góðum árangri á ýmsum sviðum. Við fögnuðum frábærum árangri nemenda okkar í skólahreystikeppni Akureyrarskólanna en lið Oddeyrarskóla hampaði 3. sætinu. Við fögnuðum líka virkilega góðum árangri Oddeyrarskóla í stærðfræðilæsi í síðustu PISA prófum, en nokkur umfjöllun hefur verið um þessar niðurstöður að undanfögnu. Ingunn Erla í 7. bekk varð í 3. sæti í Stóru upplestrarkeppninni og tilefni til að fagna því.

Síðast en ekki síst glöddumst við yfir afar vel

heppnuðum smiðjudögum sem haldnir voru í lok mars. Í tilefni af þessu var öllum nemendum og starfsfólki boðið upp á vöflu með ís og súkkulaðisósu. Það var ekki laust við að nemendur gleddust 😊



Samhugur í samfélaginu



Laugardaginn 29. mars var haldin erfidrykkja hér í Oddeyrarskóla eftir minningarathöfn um Zophiu Gnidziko í

kapólsku kirkjunni á Akureyri.

Foreldrafélag skólans bauðst til að annast veitingar og var framlag foreldra ómetanlegt. Marcin er foreldrum og skólanum afar þakklátur fyrir hjálpina þennan dag.

Stofnaður hefur verið reikningur til styrktar fjölskyldunni og þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta lagt inn á reikning í Landsbankanum:

0162—05—261200, kt. 100779-4479

Frábær árangur í stóru upplestrarkeppninni

Í gær, miðvikudag, fór lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar í sjöunda bekk fram í Menntaskólanum á Akureyri. Í þessari keppni er keppt í vönduðum og fallegum upplestri og lesa allir keppendur hluta úr sögu og tvö ljóð. Höfundar keppninnar að þessu sinni voru Þorgrímur Þráinsson og Erla. Fulltrúar Oddeyrarskóla voru þær Ingunn Erla Sigurðardóttir og Berenika Bernat. Þær stóðu sig báðar af stakri þryði. Ingunn náði þriðja sæti í keppninni og er þetta í fyrsta sinn sem við náum svo góðum árangri í þessari keppni. Við óskum Ingunni Erlu til hamingju með glæsilegan árangur!





Á döfinni

12. – 21. apríl: Páskafri

24. apríl: Sumardagurinn fyrsti, frí.

30. apríl: SMT sjálfstæðishátíð, dagskrá í skólanum.

1. maí: Verkalýðsdagurinn, frí.


2. maí: Skipulagsdagur, nemendur í leyfi.

Skautar og bingó

Margra ára hefð er fyrir því að brjóta upp hefðbundið skólastarf síðasta dag fyrir páskaleyfi og fara á skauta og spila bingó. Í ár skiptum við nemendum skólans í tvo hópa þ.e. 1. - 5. bekk og 6. - 10. bekk. Yngri nemendur byrjuðu daginn á því að fara með strætó á skautasvellið þar sem þeir léku listir sínar á skautum í rúma klukkustund. Þeir héldu síðan aftur í skólann þar sem "sparinesti" var borðað og að því loknu var farið í íþróttasalinn. Þar var búið að raða upp stólum og hluti af nemendum 10. bekkjar stýrði bingói af mikilli röggsemi. Í verðlaun voru lítil páskæggi og eitt stærra sem veitt var fyrir lokaumferð. Eldri nemendur byrjuðu á að spila bingó snemma í morgun og fóru síðan á skauta seinni part morguns.

Þennan dag er jafnframt söfnun fyrir fósturdóttur okkar í Guineu Bissau en skólinn hefur styrkt þessa stúlku í nokkur ár með mánaðarlegu framlagi. Það er gaman að nemendur og foreldrar séu þátttakendur í því.

Fósturbarn Oddeyrarskóla í Guineu-Bissau heitir Clicería Manga. Hún er fædd 1995 og er því 19 ára. Hún er félagslynd, blíð og opinská stelpa. Henni gengur vel í skólanum og fær góðar einkunnir og er með betri nemendum skólans. Clicería hefur áhuga á saumaskap og er dugleg við heimilisverkin. Hún er frekar hæglat en sinnir skylduverkum sínum ávallt og hefur ánægju af námi. Hún tekur þátt í ýmsu félags- og tómstundarstarfi. Clicería er mjög staðföst í því sem hún tekur sér fyrir hendur og er vinsæl meðal félaga og vina.



SMT sjálfstæðishátíð: Teikni- og ljóðasamkeppni

Miðvikudaginn 30. apríl munum við gera okkur glaðan dag í tilefni þess að Oddeyrarskóli útskrifast sem SMT skóli. Við munum undirbúa

daginn með ýmiss konar SMT vinnu í bekkjunum og munum nýta okkur upplýsingatækni við það. Að morgni 30. apríl munu vinabekkir hittast og gera saman vinabönd. Kl. 10 ætlum við að safnast saman í íþróttasalnum þar sem nemendur syngja og sjá um ýmiss konar skemmtiatriði.

Í tilefni af útskriftinni efnum við til ljóða- og myndasamkeppni, þar sem áhersla verður lögð á einkunnarorð skólans; ábyrgð, virðing og vinátta. Þeir nemendur sem vilja taka þátt verða að skila inn ljóðum og/eða myndum til ritara í síðasta lagi mánudaginn 28. apríl.

Úrslit í samkeppninni verða tilkynnt á útskriftardaginn. Ef veður leyfir verður hluti dagskrárinnar utandyra. Hátíðinni lýkur með því að nýi SMT fáninn verður dreginn að húni.

